



Stjórn KSÍ

Reykjavík, 10. febrúar 2023

Efni: Umsögn stjórnar KSÍ vegna þingsályktunartillögu um að leyfismál gangi ekki lengra en hjá UEFA (Þingskjal 16).

Stjórn KSÍ leggst gegn þingsályktunartillögu á þingskjali nr. 16. Það er mat stjórnar KSÍ að markmið þingsályktunartillögu gangi gegn því að leyfiskerfi KSÍ sé notað sem verkfæri sem miðar að bættu umhverfi íslenskrar knattspyrnu. Benda má á að frá upphafi leyfiskerfis hefur í nokkur skipti verið ákveðið að innleiða kröfur til félaga í efstu deildum. Þar hafi verið um að ræða kröfur sem gengu lengra en leyfisreglugerð UEFA gerir ráð fyrir. Þar má nefna kröfu um eiginfjárstöðu félaga sem reynst hefur vel í fjölda ára, kröfu til menntunar þjálfara yngri flokka, menntunar markmannsþjálfara, fjölda yngri liða og virkrar heimasíðu. Nú síðast var innleidd sú krafa að öll félög sem taka þátt í efstu deild karla sendi einnig lið í meistaraflokki kvenna til keppni frá árinu 2024, ásamt því að taka þátt í opinberum mótum fyrir yngri flokka. Í því tilliti má meistaraflokks lið vera starfrækt sameiginlega með öðru liði. Einnig má benda á að hér á landi voru auknar kröfur til menntunar þjálfara í efstu deild kvenna sem eru umfram þær kröfur sem gerðar er í leyfisreglugerð UEFA.

Það er mikilvægt að mati stjórnar KSÍ að hægt verði að innleiða í leyfisreglugerð forsendur sérsniðnar að íslenskri knattspyrnu með það að markmiði að bæta umhverfi aðildarfélaga KSÍ. Það eigi að vera mögulegt án þess að miðað sé við lágmark sem kveðið er á um í UEFA reglugerð hverju sinni.

Stjórn KSÍ